

# Varðmenn Í TURNI

„Ég hefi skipað varðmenn yfir múra þína, Jerúsalem. Deir skulu aldrei þegja, hvorki um daga né nætur. Þér sem minnið Drottin á, unnið yður engar hvíldar!“

Jes 62:6

## Varðmenn

Varðmenn voru staðsettir á múrvegg eða í turni til að gæta að og vara við aðsteðjandi hættu í tíma. Hlutverk þeirra var að gæta að borgum, vínekrum eða beitolandi.

## Hinir ýmsu turnar

**Borgarturnar** voru yfirleitt staðsettir við borgarhliðið eða á hornum múrveggja (sjá 2 Kro 26:9). Bæði frá borgarhliðinu og hornum múrveggjanna var besta útsýnið til að sjá hugsanlegar aðsteðjandi hættur og verjast óvinaárásam (sjá 2 Kro 26:15).

**Borgarvirki eða borgarturnar** voru yfirleitt sjálfstæðar byggingar sem stóðu hærra eða voru staðsettar á öðrum hernaðarlega mikilvægum stöðum. Oft voru þær gríðarstaður og nægilega rúmmiklar til að rýma alla borgarbúa, ef þeir sættu árásum (sjá Dóm 9:46–52).

**Turnar á vínekrum, ökrum eða beitolöndum** voru minni byggingar, til að vernda uppskeru og hjarðir gegn þjófum og dýrum (sjá 2 Kro 26:10; Jes 5:2; 27:3). Oft voru verkfæri geymd á jarðhæðinni.



LIÓSMYNDIR AF TURNUM, BACKGROUND © ISTOCK/THINKSTOCK, KRISTUR Í RAUÐUM KJUFU, EFTIR MINERVA K. TEICHER

## Varðmenn í turni:

**Hafa hafa mikla yfirsýn.** Guð kallar spámenn sem þjóna sína, sem aðskilja sig heiminum, nálgast Guð og er leyft að sjá með aukinni himneskri yfirsýn.

**Sjá það sem aðrir fá ekki séð.** „Sjáandi getur vitað jafnt um orðna hluti sem óorðna, og með sjáendum mun allt opinberast eða réttara sagt hið leynda opinberast, hið hulda kemur fram í ljósið og hið óþekktu munu þeir kunnigjóra, og auk þess munu þeir kunnigjóra það, sem annars mundi ekki kunnugt verða“ (Mósía 8:17).

**Eru vökulir.** Spámenn hafa þá miklu ábyrgð að vara okkur við hættum og munu gera það, þrátt fyrir almenningsálit og tiskustrauma.

**Vara við því sem enn er ókomið.** „Spámaður fordæmir syndina og segir fyrir um afleiðingar hennar. Hann er boðberi réttlætis. Við sérstök tækifæri kann spámanni að vera blásið í brjóst að spá um framtíðina mannkyni til blessunar“ (Leiðarvísir að ritningunum, „Spámaður,“ lds.org/scriptures/gs).

**Þjóða öryggi og vernd.** Við getum fundið öryggi og með hlýðni komist hjá þeim hörmungum sem við annars gætum upplifað, einstaklingsbundið eða sameiginlega. ■



## SÚ SKYLDA AÐ VAKA YFIR

„Í aldaðir hafa spámenn framfylgt þeirri skyldu að vara fólk við að-

steðjandi hættum. Postulum Drottins er skylt að vaka yfir, aðvara og liðsinna þeim sem leita svara við spurningum lífsins.“

Öldungur M. Russell Ballard í Tölpóstula-sveitinni, „God Is at the Helm,“ *Liahona*, nóv. 2015, 25.

## STAÐREYNDIR ÚR BIBLIUNNI



Í Gamla testamentinu er Drottinn stundum líkt við vígi eða borgarvirki (sjá Sálm 18:2; 61:3; Okv 18:10; 2 Sam 22:3) og spámönnum

er stundum líkt við varðmenn (sjá Jes 62:6; Jer 6:17; Esek 3:17; 33:7; Hósea 9:8; Míka 7:4).

„Mannsson, ég hefi skipað þig varðmann yfir Ísrael. Þegar þú heyrir orð af mínum munn, skalt þú vara þá við í mínu nafni“ (Esek 3:17; sjá einnig Esek 33:1–7).